

Vesturbyggð



Tálknafjarðarhreppur

Verkfundur vegna samnings Vb./Thr. og Kubbs ehf. um sorphirðu

FUNDARGERÐ NR. 10

Fundarstaður: Svörtuloft

Verkheiti: Verkfundargerð liður 0.8 í samning.

Dagsetning : 05.03.2024 kl. 15:00

Verknúmer 0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

NAFN	SK	STAÐA / FYRIRTÆKI	PÓSTUR	
Sigurður Óskarsson	SÓ	Kubbur	TP sendur	siggi@kubbur.is
Þórdís Sif Sigurðardóttir	ÞSS	Bæjarstjóri Vesturbyggð	TP sendur	baejarstjori@vesturbyggd.is
Ólafur Þór Ólafsson	ÓÞÓ	Sveitarstjóri Tálknafirði	TP sendur	sveitarstjori@talknafjordur.is
Geir Gestsson	GG	Sviðstjóri Vesturbyggð		geir@vesturbyggd.is
Lilja Magnúsdóttir	LM	Tengiliður Tálknafjörður	TP sendur	lilja@talknafjordur.is

Fundarefni og niðurstaða 9. fundar er svart letur. Fundarefni og niðurstaða 10. fundar er blátt letur.

Þriðji fundur árið 2023

Fundarefni:

1. Fundargerðir

Í fundargerð verður farið yfir stöðu verks.

Fundargerðir skal gefa út innan tveggja daga frá fundi og athugasemdir skulu gerðar innan tveggja daga þaðan í frá.

2. 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar tilnefna eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks. sjá **0.2.3**

Vesturbyggð tilnefnir: Geir Gestsson sviðstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Tálknafjörður tilnefnir: Lilju Magnúsdóttir

Áréttað er að eftirlitsaðilar séu í merktum klæðnaði er eftirlit á sér stað og að ábendingar eftirlitsaðila sé komið til Kubbs ehf.

3. 0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1.2 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulega verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Gert er ráð fyrir verkfundum a.m.k. ársfjórðungslega, en oftast ef þurfa þykir. Nánari tímasetning verkfunda verður ákveðin í upphafi verksins. Verkfundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi og skulu

AM Sjö

fundargerðir verkfunda lagðar fram til kynningar fyrir bæjarráði Vesturbyggðar og sveitarstjórn Tálknafjarðahrepps.

Tálknafjarðarhreppur leggur áherslu á að umgengni og þjónusta hafi batnað á gámasvæðum.

Á fyrsta verkfundi verður m.a. rætt um:

- Tímasetningu verkfundanna og fyrirkomulag þeirra.

Lagt er til að verkfundir **2023** verði haldnir sem næst eftirfarandi dagsetningum.

- 01.02.2023 Fundur nr. 6 Kl.16:30
- 09.05.2023 Fundur nr. 7 kl.14:30
- 17.05.2023 Fundur nr. 8 kl. 16:00
- 09.11.2023 Fundur nr 9 kl. 16:00

Timbur af setning á Tálknafirði. Samtal er í gangi milli Kubbs ehf. og Tálknafjarðahrepps um timburhauga þar. Bæta þarf úr varðandi flokkun og eftirlit og kynningu til aðila um skil á timbri til afsetningar, Kubbur tekur málið til skoðunar.

Farið verður í þá vinnu að læsa timbur og járnsvæði á Patreksfirði fyrir öðrum en starfsfólki Kubbs ehf.

Málið er enn til skoðunar.

Málið er enn til skoðunar.

Í ljósi þess að Timbri frá Tálknafirði og fleiri stærri aðilum, sem ekki voru umfangsmiklir er útboð var samið, er lagt til að skoðað verði hvort leggja skuli sérstakt aukagjald á vegna meðferðar og frágangs á timburhaugum Vesturbyggðar.

Lagt er til að eftirlitsaðilum vegna verksamnings, verði falið að leggja fram tillögu á næsta verkfundi um útfærslu á þannig gjaldtöku.

Málið hefur ekki verið klárað af eftirlitsaðilum vegna anna í öðrum verkefnum.

Skilað verði tillögu um hækkun á gjaldsrá vegna timburs eða sérákvæði vegna móttöku timburs til sveitarfélaganna í tengslum við vinnu við fjárhagsáætlun 2024

Horft verði til verðskrá annarra sveitarfélaga.

Eftirfarandi er tekið af vef Sorpu



Af hverju er gjaldskylda á sumum úrgangsflokkum?

Íbúar greiða fyrir losun úrgangs frá daglegum heimilisrekstri í gegnum sorphirðugjöld. **Úrgangur frá framkvæmdum** fellur ekki þar undir og því greiða íbúar fyrir hann við losun á endurvinnslustöð.

Rekstraraðilar hafa ekki greitt sorphirðugjöld til sveitarfélaga og greiða því fyrir losun flestra úrgangstegunda.

Ómálað timbur frá framkvæmdum

Í flokkinn fer allt ómálað timbur og timbur sem ekki er plasthúðað. Flóvott timbur, sem ekki er með þekjandi flóvörn, og timbur með glæsu lokki en einnig fara með sem og naglar, skruur og smærri hlástir mótmálust.

Sæki upplýsingar um staðsetningu...

Gjaldskrá	Hjá alla gjaldskrá
Ómálað timbur frá framkvæmdum (Mótmálust og flokkunarstöðvar)	kr./kg m.v.t. 24,01 kr.

Hvað verður um efnistöð

Efnistöð er kurlað í timburætlara mótmálust- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vélrænni flokkun. Efnistöð er síðan notað sem kolefnisgjafi í framleiðslu kísilmálmis hjá Elkem og sem staðefni í GAJU.

Endurnýting á timbri sem kolefnisgjafi í framleiðslu á kísilmálmum er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Timbur er yfirleitt nýtt sem orkugjafi erlendis en virkjun endurnýjanlegra orkusvæðinga, og þar með vísirænni orkuframleiðsla héraendis, gerir það að verkum að timbrið nýtist betur á þennan hátt. Þannig er bæði dregið úr innflutningi kola og urðun á lífrænum úrgangi.

Timbur er kolefnishlutlaus og notkun þess dregur þar með úr kolefnisspori Elkem. Kísilmálmur er m.a. nýttur við framleiðslu á rafmálorum í rafmagnsbílum og rafveidubúnaði í loftum og sínum.

Það er einnig tekið við ómáludu timbri frá framkvæmdum á endurvinnslustöðvum SORPU.

Hvað verður um efnistöð

Efnistöð er kurlað í timburætlara mótmálust- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi. Það gerir m.a. kleift að endurheimta málmhluti með vélrænni flokkun. Efnistöð er síðan notað sem kolefnisgjafi í framleiðslu kísilmálmis. Slík endurnýting á timbri er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Timbur er yfirleitt nýtt sem orkugjafi erlendis en virkjun endurnýjanlegra orkusvæðinga, og þar með vísirænni orkuframleiðsla héraendis, gerir það að verkum að timbrið nýtist betur á þennan hátt. Þannig er bæði dregið úr innflutningi kola og urðun á lífrænum úrgangi. Timbur er kolefnishlutlaus og notkun þess dregur þar með úr kolefnisspori Elkem um 14.000 tonn af koldíoxíði á ári. Þá má gera ráð fyrir að það að losa timbrið frá urðun spori útblástur sem samsvarar yfir 4.000 tonnum af koldíoxíði á ári. Saman ogður ávæningur jafngildir því að leggja um 6.800 bílur. Kísilmálmur er m.a. nýttur við framleiðslu á rafmálorum í rafmagnsbílum og rafveidubúnaði í loftum og sínum.

Gjaldskrá Kubbs liður 4006 gerir ráð fyrir gjaldtöku að upphæð 14 kr.kg. eða 2.913kr.prm³.

Fyrir liggur að Járn og dekkja haugar eru farnir af svæðinu og ekki stendur til hjá Kubb ehf. að haugar myndist aftur. Stefna Kubbs er að flytja efnisflokka burtu jafnóðum og þeir koma á söfnunarsvæði. Því er áriðandi að timburhaugar komist í góðan farveg sem fyrst til að ekki myndist ófremdarástand í þeim málaflokki.

Til staðar er starfsleyfi fyrir timbur.

Eftirfarandi er úr greinargerð með starfsleyfi:

Í samningsskilmálum „*Sorpútboð Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppu*“ segir eftirfarandi varðandi meðhöndlun á hreinu timbri.

Verktaki flytur flokkað ólítað timbur sem fellur til á gámasvæðum til eigin móttökustöðvar eða beini á afsetningarsvæði. Timbrið skal verktaki kurla og nota í moltugerð, það sem umfram er fer í landnáttun á afsetningarsvæðum. Verktaki skal geta þess vel að lítað timbur fari ekki saman við ólítað timbur á gámasvæðum eða við flutning þess á afsetningarsvæði. Verkkaupar leggja á það áherslu að úrgangurinn verði endurnýjanlegur eftir endurvinnslu.

Svæði það sem er tiltekið í skilmálum er svæði þar sem um árábil var sett timbur á af fyrri þjónustuaðila Vesturbyggðar í sorpmálum eða utan við Mýrargötu Patreksfirði, ofan við Yxnahamar. Svæðið kemur fram á meðfylgjandi mynd.

Búið er að hreinsa rúmlega 3000m³ af timburúrgangi sem var á svæðinu í burtu. Einnig er búið að setja jarðveg yfir það sem ekki var hægt að kurla þannig að svæðið er orðið slétt og aðskilnaður núverandi plans og þess sem var áður aðskilið.

Áætlað magn hreins timburs sem sett verður á svæðið árlega til frekari meðhöndlunar.

Áætlað timburmagn sem geymt verður á svæðið til frekari notkunar í kurlun til jarðgerðar getur mest orðið 150 tonn. Árlega útbóðið er til fjögurra ára og því er líklegt að magn timburs geti farið yfir það magn á álagstímum, því er sótt um leyfi til geymslu á allt að tvöföldu því magni sem fram kemur í útbodslýsingu eða allt að 300 tonn.

Verkkaupar leggja áherslu á að fundir verktaka og kynning verði að fara fram.

Málið er í vinnslu, sjá nánar í önnur mál.

Lagt er til að fundir verði haldnir miðvikudag 1. mars og fimmtudaginn 2. mars. og verða þeir kynntir sérstaklega.

Verkkaupi skoði kaup og uppsetningu á pallavigt á svæðinu, búið er að óska eftir tilboði í vigtar sem hentar. Málið rætt áfram á næsta fundi. Búið var að óska eftir tilboði í vigtar en ekki er komið svar frá söluaðila. Málið unnið

áfram með það að markmiði að koma upp vigtum sem fyrst. Málið er enn í vinnslu en ekki hefur fengist tilboð í vigtar sem henta.

Málið er í vinnslu, búið er að óska tvíveigis eftir tilboði en ekki hafa borist svör.

Tilboð er komið, lagt er til eftirlitsaðilum verði veitt heimild til kaupa á þeirri vigt sem passar.

Málið ítrekað, unnið áfram.

Lagt er til að áfram verði unnið með það form sem nú er að vigta, þar sem vigtar eru til staðar, en að notast verði við rúmmáls mælingu yfirfært í þyngd þar sem ekki er til staðar vigt. Áfram verði þó unnið að uppsetningu vigtar á alla þrjá staði sem sinna móttöku til lengri tíma.

Málinu lokið gagnvart sveitarfélögunum.

Lagður fram t.p. Þar sem fram kemur ósk frá lögaðila að mál þeirra verði skoðað. Lagt er til að Kubbur hlutist til um að í þessu tilfelli verði magn áætlað þar til vigt hefur verið komið upp á svæðinu.

Jafnframt óska verkaupar eftir að Kubbur ehf, taki til skoðunar hvort allt það plast sem endurnýjanlegt er, skili sér í réttan farveg.

Ábendingar hafa borist um erfiðleika hjá aðilum að skila gleri á móttökusvæði, verkkaupar óska eftir að úr verði bætt. Kubbur mun hlutast til að úr verði bætt gagnvart íbúum. Sett verður lúga í barina til að taka við krukum og öðru smávægilegu gleri.

Tekin til umræðu tölvupóstur þar sem fram kom óánægja íbúa með tæmingu. Um einangrað tilvik var að ræða sem ekki þarf frekari skoðun.

Málinu er lokið gagnvart sveitarfélögunum.

- Helstu úrgangsstrauma, í samræmi við grein 0.8.5

Kubbur skilar skilagreinum til GG með reikningum, þar sem helstu úrgangsstraumar koma fram.

Ítrekað er að aðgreining þarf að vera milli húsasorps og stofnanna, fyrirtækja sjá 0.8.5

Aðgreining er til staðar þar sem fyrirtæki og stofnanir eru vigtuð sér.

Skoða þarf gagnvart Tálknafirði Lilja Magg mun verða í sambandi við Kubb ehf. vegna málsinns.

Málið ítrekað.

Málinu lokið

- Fjölda tunna við heimili

Kubbur mun í samráði við aðila frá Verkkaupum fara ferð um svæðið þar sem tunnur verða taldar.

Áætluð þannig ferð verður farinn í apríl, maí

Lagt til að verktaki láti eftirlitsaðila vita er næsta ferð verður farinn. Verkkaupi mun senda aðila í þá ferð.

Samþykkt að farin verði talningarferð.

Ekki hefur gefist tækifæri til talningarferðar. Horfa þarf til þess eins fljótt og hægt er að farið verði í þannig ferð.

Þarf að skoða og skrá sérstaklega við fjölbýli.

Enn er verið að skoða tækifæri til að fara í talningarferð.

Enn er verið að skoða tækifæri til að fara í talningarferð.

Eftirlitsaðilar munu skoða hvort farið verði í sjálfstæða talningarferð án aðkomu Kubbs.

Vesturbyggð hefur farið í talningarferð.

Tálknafjörður hefur lokið við talningarferð.

Vinna við talningu verður notuð í framhaldinu til samtals við verktaka um úrbætur.

Samþykkt að farið verði fljótlega aftur í tunnutalningu.



0.8.2 Gæði verksins

Öll vinna við söfnun og flutning úrgangs skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Þeir sem vinna verkið skulu hafa þá reynslu og færni sem með þarf til að vinna verkið og full réttindi á tæki sem notuð eru.

Af hálfu verkkaupa verður eftirlit með verklagi verktaka skv. kafla 0.2.3. Ef eftirlitsmenn verkkaupa verða þess varir að verk er illa af hendi leyst, geta þeir krafist þess að verktaki bæti verklag sitt og bæti einnig það sem illa var leyst af hendi ef það er hægt vegna eðli verksins.

Vinna verktaka eftir tilgreindu gæðakerfi skal ná til þessa verks svo tryggja megi stöðug gæði á þjónustu fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Ílát skulu sótt frá húsum í þéttbýli og dreifbýli, þau tæmd og síðan komið aftur til réttra notenda. Þeim skal raðað beint og snyrtilega þar sem þau stóðu áður.

Verktaki skal stuðla á allan hátt að því að flokkun úrgangs verði sem mest og best að gæðum í endurvinnslulát og leiðbeina íbúum ef þeir beina til þeirra fyrirspurnum.

Verktaki skal fara vel með ílát og ber hann ábyrgð á skemmdum sem hann veldur á þeim. Verktaki skal sjá til þess að ílát séu snyrtileg í útliti.

Sjá einnig kröfur í 7. kafla m.a. um umgengni og öryggi.

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar tilnefna eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verks, skal hann tafarlaust hafa samráð við eftirlitsmenn.

Ef um ósamræmi er að ræða í lýsingum eða gögnum skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmönnum það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

Rætt um að hreinsa þurfi betur upp á þeim svæðum þar sem verið er að færa efnisflokka milli gámaeininga. Raka þurfi saman og taka betur upp smátt sorp, sem annars mun fjúka af svæðinu.

Óhöpp við vinnu verktaka, ef einhver eru, í samræmi við grein 0.7.5

Engin skráð óhöpp

Engin skráð óhöpp.

4. Önnur mál

Rætt um gjaldtöku á svæðum.

Verkkaupar ítreka að ekki hefur enn verið komið pokum til maíspokum til íbúa en skv. samning ber verktaka að skila pokum til íbúa. „Verktaki skal í upphafi verks dreifa ílátum og tunnum undir lífrænan úrgang. Einnig skal hann dreifa árlega tveimur rúllum af mais pokum sem verkkaupi leggur til, á hvert heimili.“

Búið er að úthluta pokum til íbúa, umræða skapaðist um nýtanlegri poka og hvort skynsamlegra væri að útdeila þeim við gámastöðvar.

Þjónustumiðstöðvar og bæjarskrifstofur, munu hafa til útdeilingar poka fyrir íbúa sem þess óska.

Einnig verður hægt að nálgast poka hjá verktaka á gámastöðvum.

Verkkaupi ítrekar að kynningarfundir hafa ekki farið fram en fyrir því eru gildar ástæður.

Verkkaupi óskar eftir að fullur þungi verði settur í að ganga í þau mál, að kynna starfsemi Kubbs ehf og sorphirðu fyrir íbúa sem allra fyrst.

Vísað í bókun um fund með Bjarna Hjarðar hér að neðan.

Búið er að bóka um fund með íbúum.

Ítrekuð er ósk verkkaupa varðandi kostnað við gerð á svæðum í dreifðari byggðum.

Ítrekuð ósk til Kubbs um að leggja fram kostnaðartölur við svæði.

Vinna við svæðin mun fara af stað með vorinu.

Málið ítrekað

Vesturbyggð samþykkir að Kubbur aðstoði við uppsetningu á tveimur söfnunarsvæðum af útfærslu sem rætt hefur verið um.

Kostnaður vegna þeirra svæða geti orðið allt að 1,2 milljón kr. á svæði.

Gert verði gott undirlag, settir verði tilbúnir steiptir skjólveggir og timbur veggur milli þeirra.

Gert verði ráð fyrir að svæðin verði girt af.

Búið er að kaupa og fá Vestur fyrstu einingarnar sem verða hluti að lagfæringu svæðanna, um er að ræða einingar fyrir tvö svæði. Vonast er eftir að vinna við uppsetningu og frágang á tveimur svæðum geti farið af stað fljótlega.

Verkkaupi felur verktaka að innheimta sérstakt aukagjald frá 1 janúar 2024 vegna kostnaðar við kurlun og landmótun á afsetningarsvæðum hreins timburs og óvirks úrgangs.

Gjald sem lagt verður á er viðbótargjald vegna landmótunnar / kurlunnar og verður 15 kr.pr.kg.

Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins vegna landmótunnar, kurlunnar og frágangs á núverandi svæðum fyrir óvirks úrgangs (jarðvegur) og kurlun á timbri.

Gjaldið mun leggjast á afsetningu hreins timburs og afsetningu óvirks úrgangs, en um tvö aðskilin svæði er að ræða.

Samþykkt að Kubbur setji í verðskrá hjá sér.

Rætt um hvernig gengið hefur með bílamóttöku.

Umræður voru um móttöku bíla og hvernig ferlar væru við álímingar heilbrigðiseftirlits og framhald mála.

Heilbrigðiseftirlit límir á bíla tilkynningu um að fjarlægja beri farartæki.

Heimild er til að fjarlægja farartæki í samræmi við álímdar upplýsingar, en geyma verður farartæki svo í læstri geymslu í fjórar vikur áður en farartæki er fargað.

Sveitarfélagið greiðir kostnað við að fjarlægja og geyma farartæki en fær til sín úreldingargjald á móti ef eigandi sinnir ekki skildu sinni.

Samþykkt að upplýsingaskilti fyrir svæðin verði endurnýjuð í samræmi við nýjan þjónustuaðila.

Móttökubar fyrir gjaldfrjálsa efnisflokka þarf að endur merkja með merkingum frá Fenur. Verktaki mun aðstoða verkkaupa við að fá nýjar merkingar á gámakrá.

Verktaki tekur að sér að heildarskoðun merkinga á svæðum og koma með tillögu að úrbótum því tengt.

Verkkaupi ítrekar að ekki sé búið að ganga í það verk að endur merkja þá staði og tunnur sem til þarf, ásamt því að koma með tillögur að þeim auka merkingum sem til þarf.

Beiðni ítrekuð.

Búið er að merkja svæði í samræmi við samning.

Eftir er að merkja flokkunarkrá í samræmi við samning, sú vinna verður kláruð fljótlega.

Málið ítrekað

Málið ítrekað og óskað eftir aðstoð verktaka til að ljúka verki.

Málið ítrekað.

Umræðu þarf varðandi sameiningu og eða fækkun á tunnum.

Verkkaupi og verktaki eru sammála um að aðilar geti fækkað tunnum sé það til hagsbótar fyrir íbúa.

Verkkaupi óskar eftir útskýringum á hvers vegna endurgreiðsla úr Úrvinnslusjóð virðist ekki vera í samræmi við yfirlýsingar verktaka fyrir áramót.

Verkkaupi veltir fram þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að Vesturbyggð fái úrvinnslusjóð fyrir gámabár við söfnunarsvæði til sín, í ljósi þess að gámabár er ígildi söfnunar við heimili.?

Óskað er eftir að verktaki skoði málið frá sínu sjónarhorni ?

Kubbur ætlar að skoða málið frá sínum sjónarhól og fara yfir að allar skilagreinar séu að skila sér.

Umræða átti sér stað varðandi skilagreinar og fl. því tengt að sækja endurgreiðslur.

Mikill misbrestur virðist vera á því að rukkað sé á söfnunarsvæðum.

Sviðstjóri hefur lent í því tvívegis að vera ekki rukkaður, annað starfsfólk bæjarskrifstofu Vesturbyggðar staðfestir að ekki hafi verið rukkað.

Óskað er eftir að Verktaki útskýri hvers vegna ekki hefur verið rukkað á svæðum ?

Verktaki mun skoða málið.

Einnig er óskað eftir að verktaki fari vel yfir hvort ekki sé öruggt að verið sé að rukka fyrirtæki fyrir efnisflokka á söfnunarsvæðum, bent er á að með öllu er óheimilt að kostnaður vegna fyrirtækja lendi á íbúum.

Verktaki skoðar málið.

0.1.6 Verksamningur – Verkáætlun

„Í verksamningnum verður ákvæði um endurskoðun hans, verði þær breytingar á lögum eða reglugerðum varðandi sorphirðu og förgun að þær kalli á slíkt, og / eða samningsaðilar telji þörf á endurskoðun hans af öðrum ástæðum.“ Verkkaupar óska eftir því við verktaka að samtal um kaup á tunnum af verksala, muni eiga sér stað.

Kubbur samþykkir þessa málaleitan og mun senda tilboð á verkkaupa.

Samningsaðilar eru sammála um endurskoðun samnings í ljósi nýrra laga.

Tímasetning endurskoðunar verður rædd á næsta fundi.

Tilboð rætt og málinu frestað.

Málið í skoðun.

Málið er enn til skoðunar. Verkkaupi ítrekar ósk um að fá verð frá verktaka í tunnur.

Málið ítrekað.

Ítrekað að finna verði tíma til að fara yfir endurskoðun samnings.

Samningur rennur sitt skeið þann **31. ágúst 2025** en til staðar er framlengingur ákvæði um 2x2 ár eftir 2025.

Rætt var um með hvaða hætti verkkaupar geti sótt álagningu sem sett er í gjaldskrá, málinu vísað til viðkomandi innheimtuaðila.

Fyrirspurn frá Tálknafjarðarhrepp í tengslum við reikninga. Hvers vegna er verið að senda reikninga fyrir losanir allt að þrisvar í mánuði ?

Fundað verður sérstaklega með verktaka um þessa fyrirspurn.

Málinu lokið

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur óska eftir fund með Kubb (Sigríði) til útskýringa á reikningum.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur ákveða hvaða stafsfolk sveitarfélaganna mætir á fund.

Málið tekið áfram í tölvupósti og fundartími ákveðinn í samráði við alla aðila.

Málinu lokið

Fyrirspurn um hvers vegna erfiðlega gengur hjá fyrirtækjum að fá samninga ? Óánægja hefur verið hjá rekstraraðilum með hversu seint hefur gengið að fá samning við Kubb.

Kubbur mun skoða málið sín megin frá og vinna að úrbótum.
Málið er óafgreitt. Kubbur er hvatt til að vinna málið áfram.
Málið ítrekað.

Óskað er eftir að samningar rekstraraðila við Kubb verði lagðir fram.

Málið verður skoðað betur milli funda.

Kubbur setur fyrir sig að afhenda samninga, því óska verkkaupar eftir að nafnalisti verði lagður fram um þá aðila sem eru með samninga.

Nafnalisti mun fylgja reikningum.

Sveitarfélögin óska eftir sundurliðun á magni milli sveitarfélagsins og rekstraraðila á gámavöllum.

Kubbur mun einfalda framsetningu til eftirlitsaðila og málið rætt á fundi með skrifstofuaðilum.

Kubbur er að vinna í sundurliðun, skilar sér fljótlega til sveitarfélaganna.

Umræða um hvernig sveitarfélögin geti haft yfirsýn um losanir á gámasvæðum ?

Sama á við þá fyrirspurn og þá fyrri.

Hvert fer gler ? Gler fer í heimilistunnu. Verktaki mun skoða með hvaða hætti hægt verður að taka við gleri á börum eða gámaplönnum.

Verktaki mun geta tekið við gleri á móttökustöðvum.

Verktaki upplýsir að ef aðilar skila hreinu gleri fer glerið í óvirkan úrgang til landmótunar.

Fá nytjagám á Tálknafjörð, sem viðleitni í að draga úr sorpi.

Umræður var um nytjagám, að mörgu leiti eru staðarvefir á netinu betur til þess fallnir að skapa hringrásarkerfi.

Málið skoðað áfram.

Umræðu vísað til íbúafundar.

Málið í vinnslu

Málið er unnið áfram.

Farið yfir gjaldtöku á gámavöllum, ábendingar hafa borist um að gjaldtaka sé há á sumum sviðum.

Farið var yfir gjaldtöku.

Gjaldtaka í dag er í samrými við samþykktar gjaldskrár.

Málinu lokið

Vigtar hvað er að fréttu..... Umræður snúa að Sviðstjóra Vesturbyggðar en ekki hafa borist kostnaðartölur í vigtar.

Bráðliggur á að fá vigtar á svæðið.

Málinu lokið, sjá að ofan.

Teams fundur var haldinn með Bjarna Hjarðar um fyrirhugaðan íbúafund.

Málið verður unnið áfram af Bjarna, Lilju og Geir og stefnt á fund í upphafi árs 2023.

Símtal milli Bjarna og Geirs þann 01.02.2023, Kubbur er tilbúinn til að koma á sameiginlega kynningu er hún verður haldinn og kynna þar verklag vegna verksamnings. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur munu á sama fundi fara yfir hverjar breytingar verða vegna, borgað þegar að hent er. Fyrirhuguð tímasetning sjá að ofan

Kalla eftir ársuppgjöri.

Samningur liður 0.8.5 getur um hvað skuli vera í skilagrein bls. 22-23
Sorpdagatal ársins 2023
Dagatal er í vinnslu og verður aðgengilegt á vef Kubbs fyrir áramót.
Er í vinnslu

Lagður fram tölvupóstur frá Lilju Magnúsdóttir er varðar umgengni um timburhauga á Tálknafirði
Í vinnslu, sjá að ofan
Málið í vinnslu.

Lagður fram tölvupóstur frá Gerði Sveins Sviðstjóra fjármála hjá Vesturbyggð, þar sem óskað er eftir yfirferð frá hendi Kubbs á reikningum.
Lokið

Lögð fram svohljóðandi bókun frá Sviðstjóra umhverfissviðs Vesturbyggðar.
„Þurfum að passa upp á að farið sé í sorphirðu á þeim dögum sem auglýst er.
Í dag þann 09.01.2023 eru þeir að fara um bæinn en skv. dagatali áttu þeir að fara á morgun, það er ömurlegt veður og spáinn leiðinleg, en þá hefðu þurft að fá okkur til að setja þetta á íbúavef eða Mateusz að gera það sjálfur.
Þetta getur ruglað varðandi það að íbúar moki frá tunnum og ef aðilar eru búnir að bíða eftir að setja í tunnu sem átti að fara með.
Gerir dagatalið ómarktækt.“

Lilja Magnúsdóttir óskar eftir að eftirfarandi mál verði afgreitt.
Tekið til umræðu og afgreiðslu aðferðarfræði íbúa við skil á úrgangsflokkum, í þeim tilfellum þar sem ekki er greidd sorphirða.
Íbúar sem greiða fyrir sorpeyðingu en ekki sorphirðu geta skilað almennu heimilissorpi og lífrænu á móttökustöðvar án greiðslu.
Fjöruplokkarar hafa heimild til skila á úrgangsflokkum sé sú vinna unnin í samráði við eftirlitsaðila sorphirðu.

Verkkaupar leggja áherslu á að fundinn verði lausn í samráði við verktaka um hvernig hægt sé að fá fyrirtæki og stofnanir til að flokka mun betur en gert er í dag.
Verkkaupar ítreka að ábyrgð á sorpi og eða endurvinnsluefni fyrirtækja, liggur hjá fyrirtækjunum sjálfum og því liggur hjá þeim samfélagsleg skilda að vinna vel í sínum málum.

Verkkaupar óska eftir að verktaki skoði hvort, hvernig og hvers vegna skipta skuli út maíspokum fyrir pappapoka, ef verktaki telur að ekki skuli skipta út pokum óskar verkkaupi eftir skýringum á því.
Ítrekuð spurning til verktaka um hvort hægt sé að skipta út maíspokum fyrir pappapoka?
Verktaki tekur ekki afstöðu til þess hvort pappír eða maíspokar verði notaðir.
Eftirlitsaðilar leggja því til að farið verði að nota pappapoka í sveitarfélögunum frá næstu áramótum, þó geta íbúar þeir sem eiga maíspoka notað þá áfram ef vilji er til þess.

Borist höfð ábendingar í Tp. sem leist var úr með verktaka í fullri sátt aðila.
Verkkaupar lýsa yfir ánægju með hversu hratt verktakar hafa leyst úr þeim verkefnum sem komið hafa upp.
Sviðstjóra hjá Vesturbyggð barst símleiðis ábending um að lagfæra þurfi gæði við hirðu á Barðaströnd.
Málið rætt.
Verktaki skoðar málið.

Verkkaupar leggja á það áherslu að verktaki stuðli að betri flokkun hjá lögaðilum, þar sem hægt er að koma því við.

Verkkaupar leggja áherslu á að það er í verkahring sveitarfélaga að útdeila tunnum til þeirra sem rétt hafa á að fá tunnur. Kubbur getur ekki án beiðni frá verkkaupum afgreitt tunnur án samráðs þar um.

Getur verkkaupi farið í tvískiptar tunnur á vinnusvæði Kubbs í Vesturbyggð og Tálknafirði ?

Hvað þarf til að fara í tvískiptar tunnur ?

Verktaki tiltekur að þeir bílar sem eru notaðir í dag leifa ekki þannig hirðu.

Hvenær mun verða hægt, á verksvæði Kubbs að fara í vigtanir á sorpflokkum frá hverju heimili ?

Tæknin er kominn og gæti verið tekinn upp á starfssvæðinu, en rétt er að benda á að kostnaður gæti hækkað vegna mikils stofn-rekstrarkostnaðar.

Umræður hafa sprottið upp um að flokkun á gámasvæðum sé ábótavant.

Rekstraraðilar munu fara betur yfir þau mál með starfsfólki sínu. Rétt er þó að benda á að oft er um misskilning að ræða hjá íbúum, sér í lagi varðandi frauðplast.

Verktaki vinnur að því að koma upp móttöku á frauðplasti, þar sem hægt verður að pressa í þar til gerðan gám.

Brýnt er fyrir verktaka, að fræðsluáttak er hluti af verksamning og því áriðandi að verktaki fari fram með góðu fordæmi er kemur að flokkun og móttöku efnisflokka á gámasvæðum.

Lilja Magg Lagði fram ákvæði persónuverndar við Kubbb, þar sem Persónuverndarfulltrúi Tálknafjarðar fer fram á að gerður verði vinnslusamningur milli sveitarfélaganna og Kubbs um vinnslu persónugagna.

Skjalið verður að viðhengi við fundargerð.

Kubbur móttækur erindi og mun fara yfir málið sín megin.

5. Dreifing fundargerðar og viðhengi
Til fundarmanna, verktaka og verkkaupa.

6. Næsti verkfundur
11. verkfundur ???.??.???? kl. ??:00

Fundarritari: Geir Gestsson


Fundi slitið kl. 16:15

Fh. Verkkaupa

Fh. Verktaka

Geir Gestsson Sviðstjóri Vesturbyggð
Lilja Magnúsdóttir Tálknafirði

Sigurður Óskarsson



Geir Gestsson
Lilja Magnúsdóttir



Dagsetning: 26. febrúar 2024

Höfundur: Thelma Dögg Theodórsdóttir Persónuverndarfulltrúi Tálknafjarðar

Viðtakandi: Lilja Magnúsdóttir Oddviti Tálknafjarðarhrepps

Efni: Persónuvernd Kubbs ehf. ,

1. Almennt um ábyrgðaraðila og vinnsluaðila

Gerður er greinamunur á ábyrgðaraðila og vinnsluaðila persónuupplýsinga í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir nefnd pvl).

Ábyrgðaraðili, getur verið einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem hann lætur aðra vinna fyrir sig. Vinnsluaðili er sá sem vinnur persónuupplýsingar fyrir hönd ábyrgðaraðila og ber að vinna eftir fyrirmælum ábyrgðaraðila.

Þegar ábyrgðaraðili fær til sína vinnsluaðila til að vinna persónuupplýsingar fyrir sína hönd ber honum einungis að leita aðila sem getur veitt nægilegar tryggingar fyrir því að viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vinnslan uppfylli lögum um persónuvernd sbr. 1. mgr. 23. gr. pvl.

Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu gera á milli sín samning sem tilgreinir meðal annars tilgang og aðferðir vinnslu persónuupplýsinga sem vinnsluaðili vinnur fyrir hönd ábyrgðaraðila, sbr. 3. mgr. 25. gr. pvl. Í vinnslusamningi ber einnig að fjalla um trúnaðarskyldu þeirra sem vinna með persónuupplýsingarnar, heimildir til að ráða undirvinnsluaðila, meðferð persónuupplýsinganna við lok samningssambandsins.

2. Samningur Tálknafjarðar og Vesturbyggðar við Kubbs ehf

Samkvæmt samningi frá 1. september 2021 milli Kubbs ehf. (hér eftir nefndur verksali) og Vesturbyggðar og Tálknafjarðar (hér eftir nefndur verkkaupi) var ekki gerður vinnslusamningur um vinnslu persónuupplýsinga. Verksali vinnur persónuverndarupplýsingar fyrir hönd verkkaupa þegar hann tekur á móti greiðslur á móttökusvæðum verkkaupa.

Var leitast eftir að við verksala hvernig hann uppfyllir skyldur sínar gagnvart lögum um persónuvernd og þegar Persónuverndarfulltrúi verkkaupa leitaðist eftir því hvernig hann uppfyllir skyldur sínar sem vinnsluaðili taldi verksali sig ekki þurfa að viðhafast frekar sökum stærðar fyrirtækisins.

Persónuverndarfulltrúi verkkaupa mælir til þess að gerður verður vinnslusamningur sem viðauki að samningi milli verkkaupa og verksala dagsettann 1. september 2021.

Sömuleiðis er verkkaupi hvattur til að uppfylla skyldur sínar skv. persónuverndarlögum, í því felst meðal annars að

- Vera með persónuverndarstefnu
- útbúa skrá yfir vinnslustarfsemi
- fræða starfsmenn sína um hvernig meðhöndla eigi persónuverndarupplýsingar og láta starfsmenn sína skrifa undir trúnaðarsamning (sé það ekki gert)

